

Föstudaginn 11. júní 1965.

Nr. 101/1964. **Mjólkursamsalan í Reykjavík**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Aðstöðugjald. Lögtaksmál.

Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1964 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar hafa að tilhlutan Hæstaréttar leitað álits sérfróðra manna, þeirra Sigurðar Péturssonar dr. phil. og Þórhalls Halldórssonar M.Sc., um vörutegundir þær, sem aðstöðugjalds er krafizt af, og lagt fyrir dóminn álitsgerð þeirra, svohljóðandi:

„Þeir Guðmundur Vignir Jósefsson og Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttarlögmenn, hafa í samráði við Hæstarétt beðið okkur undirritaða um álitsgerð um:

1. Vörutegundir, framleiddar af ísgerð Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Hvaða hráefni notuð í hverja vörutegund, í hvaða hlutföllum að magni og í hvaða hlutföllum að verði. Segja álit um skýrslur Mjólkursamsölunnar í Reykjavík.
2. Greina frá öðrum vörutegundum, framleiddum af mjólkurbúum, þar sem mjólk og önnur efni eru notuð, og þá um hlutföll eins og í 1.

3. Á grundvelli 1 og 2 að gefa álit um, hvort ísgerðarvörur M.S. teljist til mjólkurafurða sbr. V. kafla laga nr. 59/1960, sbr. m. a. 2. mgr. 28. gr. um einkasöluheimild.

1. liður.

Við höfum athugað skýrslu Mjólkursamsölnunnar um framleiðsluvörur ísgerðar M.S., samsetningu þeirra, tegundir hráefna og verðhlutföll. Teljum við samsetningu einstakra vörutegunda, eins og hún kemur fram í skýrslunni, vera eðlilega, en sannprófun á efnainnihaldi þessara vara töldum við of yfirgripsmikla til þess að unnt væri að framkvæma hana á stuttum tíma. Við höfum reiknað út verðhlutföll fyrir rjómaísblönduna og mjólkurísblönduna eftir þeim hráefnishlutföllum, sem gefin eru upp í skýrslu M.S., og eru niðurstöðurnar þessar:

R j ó m a í s b l a n d a :			
53 kg mjólk á kr.	5.72	kr. 303.16
28 — rjómi — —	71.60	— 2.004.80
5 — undanrennuduft	. — —	28.15	— 140.75
10 — sykur — —	5.22	— 52.20
3 — glúkosi — —	13.21	— 39.63
1 — matarlim — —	95.00	— 95.00

Samtals kr. 2.635.54

M j ó l k u r í s b l a n d a :			
72 kg mjólk á kr.	5.72	kr. 411.84
9 — rjómi — —	71.60	— 644.40
5 — undanrennuduft	. — —	28.50	— 140.75
10 — sykur — —	5.22	— 52.20
3 — glúkosi — —	13.21	— 39.63
1 — matarlim — —	95.00	— 95.00

Samtals kr. 1.383.82

Verðhlutföllin milli mjólkurefna og annarra efna verða því þessi:

	Mjólkurefni	Önnur efni
Rjómaísblanda	92.9%	7.1%
Mjólkurisblanda	86.5%	13.5%

Í skýrslu M. S. eru verðhlutföllin fyrir ísblöndu þessi: Mjólkurefni 91.9% og önnur efni 8.1%, og mun hér vera um mjólkurisblöndu að ræða. Í skýrslu M.S. eru vinnulaun og umbúðir reiknaðar með heildarverði mjólkurefna, en þá kostnaðarliði höfum við ekki aðstöðu til að sannprófa. Hefði verið eðlilegra að hafa þá liði tilgreinda sérstaklega. Okkur virðist þó, að verðhlutföll þau, sem upp eru gefin af M.S., séu nærri lagi. Um útreikninga á verðhlutföllum hráefna í öðrum framleiðsluvörum ísgerðar M.S. gildir hið sama, að þá er erfitt að sannprófa, en okkur virðast þeir vel geta staðizt.

2. liður.

Skýrslu M.S. um aðrar framleiðsluvörur mjólkurbúa en þær, sem ísgerð M.S. framleiðir, höfum við einnig athugað. Teljum við þá samsetningu, sem fram kemur í skýrslunni, vera eðlilega, en höfum ekki séð ástæðu til að sannprófa efnainnihald sjálfra vörutegundanna. Verðhlutföll þeirra hráefna, sem notuð eru í þessar vörutegundir og gefin eru í nefndri skýrslu, sjáum við ekki ástæðu til að vefengja.

Að sjálfsögðu geta mjólkurbú framleitt ýmsar vörur úr mjólk og mjólkurafurðum ásamt mismunandi tegundum viðbótarefna. Hlutföll hráefnanna í slíkum vörum geta verið mjög margvísleg, og má segja, að það sé hverju mjólkurbúi oft í sjálfsvald sett innan vissra tæknilegra takmarkana, hver þau hlutföll eru.

3. liður.

Skilgreining á því, hverjar vörur, sem í eru notuð mjólkurefni, skuli kallast mjólkurafurðir eða mjólkurvörur, er okkur vitanlega ekki til, og mun þar ríkja sinn siður í landi hverju. Hér á landi virðast orðin mjólkurafurðir og mjólkurvörur vera notuð jöfnum höndum og án þess að

nokkuð sé gefið til kynna, hversu mikið skuli vera af mjólk-urefnum í viðkomandi vörutegund. Magn mjólkurefna í vörutegund getur verið mjög mismunandi eftir því, hver vörutegundin er, t. d. allt frá 97% í mjólkurosti, 86% í mjólkurísblöndu, 56% í sykraðri mjólk, og niður í 12.5% í rjómasúkkulaði og 6% í þeim brauðum, sem í er sett mjólk samkvæmt lögum. Í lögum nr. 59/1960 um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. eru orðin mjólkurafurðir og mjólkurvörur notuð, að því er virðist, í sömu merkingu, sbr. m. a. 28. gr. og 30.—31. gr. Núgildandi mjólkureglugerð nr. 157 4/9 1953 ber nafnið: Reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, og nær hún yfir mjólk, rjóma, áfir, undanrennu, sýrða mjólk, jógúrt, kefir, niðursoðna mjólk, sykraða og ósykraða, og þurrmjólk. Þessi reglugerð nær aftur á móti ekki yfir smjör, osta, skyr né mjólkur- eða rjómais. Í heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík frá 1950 er kafli með nafninu mjólk og mjólkurvörur, og eru í honum ákvæði um mjólk, rjóma, undanrennu, niðursoðna mjólk, sykraða og ósykraða, sýrða mjólk, smjör, skyr, mjólkurosta, rjómais og annað ísfrauð. Um ísfrauðið gilda þau ákvæði, að það skuli vera annað hvort rjómais með minnst 10% feiti eða mjólkurís með minnst 6% feiti.

Markverðasta tilraunin, sem gerð hefur verið erlendis til þess að skilgreina hinar ýmsu tegundir mjólkur og mjólkurafurða, er fyrir nokkru hafin af FAO og WHO (Food and Agricultural Organization, World Health Organization), og hafa þar verið kallaðir til margir sérfræðingar. Þegar hafa verið birt frumdrög að reglum um framleiðsluhætti og að stöðlum fyrir slíkar vörur. Í þessum frumdrögum er m. a. lagt til, að til mjólkurafurða (Milk Products) teljist þær vörur, sem í fyrsta lagi eru eingöngu úr mjólk, í öðru lagi eru úr mjólk að viðbættum efnum nauðsynlegum við framleiðsluna, þó þannig, að slíkum efnum sé ekki ætlað að koma að nokkru eða öllu leyti í staðinn fyrir nokkurt efni mjólkurinnar. Auk ofangreinds flokks mjólkurafurða er gert ráð fyrir öðrum flokki, sem nefnist samsettar vörur (composite products). Í þeim flokki eru vörur, í hverjum mjólk

eða mjólkurafurðir, skv. fyrri skilgreiningu, eru nauðsynlegar (essential) annað hvort vegna magns þeirra í vör-
unni eða vegna þeirra séreinkenna, sem þær gefa henni.
Í nefndum frumdrögum er rjóma- og mjólkurís (ice-cream)
talinn til beggja flokkanna. Augsýnilega hefur hér verið
litið svo á, að í rjóma- og mjólkurís geti magn mjólkur-
efnanna verið mjög mismunandi og þurfi slíkt ísfrauð því
ekki alltaf að teljast til mjólkurafurða.

Með tilliti til skilgreiningar FAO og WHO og þeirra venja,
sem okkur virðast ríkjandi í Vestur-Evrópu og Norður-
Ameríku, álitum við, að rjóma- og mjólkurís með þeim
hundraðshlutum mjólkurefna, sem gefnir eru upp í skýrslu
M.S., beri að telja til mjólkurafurða. Þar með er ekki sagt,
að allt ísfrauð, sem í eru mjólkurefni, skuli teljast mjólkur-
afurð.

Niðurstaða:

Ísgerðarvörur M.S. teljast að okkar dómi til mjólkur-
afurða.

Reykjavík, 4. maí 1965.“

Niðurstöðu hinna sérfróðu manna þykir bera að leggja
til grundvallar úrlausn máls þessa, og þar sem áfrýjandi
er mjólkurbú í merkingu 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962,
verður úrskurður fógeta úr gildi felldur og framkvæmd
lögtaks synjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda
málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og synj-
að er um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda,
Mjólkursamsölunni í Reykjavík, málskostnað í héraði
og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að
lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga eru mjólkurbú undanþegin aðstöðugjaldi. Um starfsemi mjólkurbúa ræðir í lögum nr. 59/1960 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. V. kafli þeirra laga ber fyrirsögnina: Um sölu mjólkur og mjólkurafurða. Ákvæði kaflans bera ljóslega með sér, að verkefni mjólkurbúa er meðferð mjólkur og vinnsla og svo dreifing og sala mjólkur og mjólkurafurða. Mjólkursamsalan í Reykjavík er samtök nokkurra mjólkurbúa. Meginverkefni hennar eru fólgin í dreifingu og sölu mjólkur og mjólkurafurða frá mjólkurbúunum og svo vinnsla mjólkur frá mjólkurbúunum, sem hentugt þykir að hafa á einum stað. Hér er því um að tefla starfsemi, sem er innan þess verkahringis, sem mjólkurbúum er markaður í V. kafla laga nr. 59/1960. Í 32. gr. laganna er svo mælt, að mjólkurstöðvar mjólkurframleiðenda, er þeir koma sér upp í kaupstöðum og kauptúnum, skuli hafa „sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkvæmt lögum þessum“. Samkvæmt 65. gr. laga nr. 69/1962 skyldi félagsmálaráðherra skera úr, er ágreiningur varð um gjaldskyldu og gjaldstofna samkvæmt II., III. og IV. kafla þeirra laga. Í úrskurði, uppkveðnum 3. apríl 1963, hefur félagsmálaráðherra látið svo mælt: „Þar eð Mjólkursamsalan í Reykjavík er sameign nokkurra mjólkurbúa, virðist fara um gjaldskyldu vegna starfsemi hennar með sama hætti og sams konar starfsemi einstakra mjólkurbúa“. Telja verður, að félagsmálaráðherra hafi reist úrskurð sinn á lögrökum. Ber því að staðfesta það, að Mjólkursamsalan í Reykjavík sé undanþegin aðstöðugjaldi af þeirri starfsemi, sem er innan þess eðlilega verkahringis, er mjólkurbúum er markaður í lögum.

Í máli þessu er krafizt lögtaks á hendur Mjólkursamsölunni í Reykjavík á aðstöðugjaldi vegna framleiðslu hennar á mjólkurís og rjómaís. Er þá úrlausnarefnið, hvort framleiðsla á vöru þessari sé vinnsla mjólkur og innan þess

verkahrings, sem lög gera ráð fyrir, að mjólkurbú hafi á hendi. Ber því að kanna, hver efni eru notuð við gerð mjólkuriss og rjómaiss. Um þetta segir í bréfi áfrýjanda 22. september 1963:

Mjólkuriblanda:	Rjómaissblanda:
72% mjólk,	53% mjólk
9% rjómi	28% rjómi
5% undanrennuduft	5% undanrennuduft
10% sykur	10% sykur
3% glucose	3% glucose
1% matarlím	1% matarlím.

Þá hefur áfrýjandi í bréfi 5. marz 1964 skýrt svo frá:
„1. Í 300 kg af 12% rjómaissblöndu eru:

- 162 kg mjólk
- 82 — rjómi
- 15 — undanrennuduft
- 30 — sykur
- 8 — glukose
- 3 — matarlím.

Sykur, glukose og matarlím eru samtals 41 kg af 300 kg, eða 13.7% af blöndunni.

2. Í 40 kg af bræddum osti eru auk ostsins:

- 4 kg bræðslusalt
- 3.7 — sveppir eða rækjur.

Þessi íblöndun er samtals 7.7 kg af 40 kg, eða 19.25% af efnismagninu.

3. Auk þess viljum vér benda á, að í venjulegu smjöri eru 16% af vatni og um 1% af salti. Þessi vatnsblöndun í smjör er nauðsynlegur þáttur í framleiðslunni“.

Samkvæmt þessum skýrslum eru 86% af vinnsluefninu í mjólkurissblöndu og rjómaissblöndu skir mjólkurefni, en 10% almennur sykur, 3% ávaxtasykur og 1% matarlím. Hér er því um að tefla mjólkurfæðu, sem er gerð sæt með sykri og fest með örlitlu matarlími. Verða mjólkurblöndur og ísblöndur þessar að teljast mjólkurafurðir með jafn fullkomnum rétti og t. d. bræddur ostur, er geymir meira

af framandi efnum. Sérfræðingar segja: „Ísgerðarvörur M.S. teljast að okkar dómi til mjólkurafurða.“ Ákvæði 2. mgr. 28. gr. laga nr. 59/1960 taka því til nefndrar mjólkurísblöndu og rjómaísblöndu, þar sem mælt er: „Heimilt er samsölustjórnnum að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða“, en nefnt lagaákvæði gerir ráð fyrir því, að mjólkurbú framleiði fleiri mjólkurafurðir en þær, er þau hafa tekið einkaframleiðslu á. Í áðurnefndum úrskurði félagsmálaráðherra segir: „Samkvæmt þessu á Mjólkursamsalan í Reykjavík að vera undanþegin greiðslu aðstöðugjalds vegna þeirrar starfsemi hennar, sem eingöngu lýtur að meðferð mjólkur og mjólkurafurða, þar með talin dreifing og sala þeirra vara.“ Það er eðlilegt og löghelgað viðfangsefni mjólkurbúa að framleiða mjólkurís og rjómaís, sem er skír mjólkurfæða, einungis blönduð 13% sykurefni og 1% matarlími. Það er því augljóst mál, að mjólkurbú eru undanþegin aðstöðugjaldi af framleiðslu mjólkuríss og rjómaíss samkvæmt skýru og ótvíræðu ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962, sem leysir mjólkurbú undan greiðslu slíks gjalds án þess að geta takmarkana, og þar sem Mjólkursamsalan í Reykjavík er samtök mjólkurbúa, sem fellur samkvæmt því, er áður var rakið, undir nefnt ákvæði, er hún einnig undanþegin aðstöðugjaldi vegna nefndrar framleiðslu.

Samkvæmt því, er rakið hefur verið, ber að fella úrskurð borgarfógeta úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður borgarfógeta er úr gildi felldur. Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetadóms Reykjavíkur 24. apríl 1964.

Við álagningu opinberra gjalda ár 1962 var gerðarpóla, Mjólkursamsöluinni í Reykjavík, gert að greiða samkvæmt lögum nr. 69/1962, III. kafla, aðstöðugjald, að fjárhæð kr. 617.900.00. Gerðarþoli taldi sig eigi vera aðstöðugjaldsskyldan, að því er varðaði þann rekstur, er lýtur að dreifingu og meðferð mjólkur og mjólkurafurða, og vísaði í því efni til undantekningarákvæðis 2. mgr. 8. gr. framangreindra laga.

Með úrskurði, dags. 26. apríl 1963 (rskj. nr. 4), ákvað Ríkisskattanevnd að fella niður kr. 549.600.00 af álagðri fjárhæð, og 7. maí s.l. greiddi gerðarþoli kr. 15.885.00 upp í eftirstöðvarnar. Stóðu þá eftir ógreiddar kr. 52.445.00, eða fjárhæð, sem svarar til þeirrar álagningar, sem talin er í framangreindum úrskurði Ríkisskattanevndar undir lið 2 b „0.9% af vörukaupum og öðrum rekstrarkostnaði ísgerðar, samtals kr. 5.827.305.00, eða aðstöðugjald kr. 52.445.00“.

Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða eftirstöðvar þessar, hefur gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarpóla til tryggingar framangreindri fjárhæð, kr. 52.445.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði auk málskostnaðar að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarpóla hefur mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarpóla verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarpóla, bæði í greinargerð sinni (rskj. nr. 5) og við munnlegan flutning málsins, reist á því, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, sé mjólkurbú, enda sameign nokkurra mjólkurbúa, og að rekstur ísgerðar gerðarpóla sé meðal þeirrar starfsemi gerðarpóla, sem eingöngu lúti að meðferð mjólkur og mjólkurafurða, þar með talin sala og dreifing þeirra vara. Hefur umboðsmaður gerðarpóla lagt fram í málinu bréf frá gerðarpóla (rskj. nr. 6 og nr. 9), þar sem meðal annars er upplýst, hver séu hráefnahlutföll í blöndun til mjólkur- og rjómaísgerðar og hversu framleiðslunni er háttað. Telur umboðsmaður gerðarpóla, að af þessum upplýsingum sé auðsætt, að slík ísgerð sé í eðli sínu einungis sérstakur umbúnaður mjólkurinnar, áður en hún sé seld. Enginn mundi t. d. telja, að gerðarpóla bæri að greiða aðstöðugjald af

gerilsneyddri mjólk, en frýsting mjólkurinnar virðist vera hliðstæð gerilsneyðingu, og enda þótt mjólkur- og rjómaisinn sé seldur í sérstökum umbúðum, þá gildir hið sama að því leyti um mjólk, sem seld sé í hyrnum eða flöskum. Umbúðirnar virðist í þessu falli ekki eiga að skipta neinu máli. Gerðarþoli kaupir eigi mjólkina, sem notuð sé í ísgerðina, heldur sé það mjólkinn, sem gerðarþoli taki við af framleiðendum hennar sem eigendum mjólkurbúa þeirra, er að Mjólkursamsölunni standa og eiga hana. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola lagt áherzlu á það, að hann telji, að gerðarþola beri eigi að greiða neitt aðstöðugjald frekar en svonefnt veltuútsvar, meðan ákvæði um það voru í gildi, og hefur nefndur umboðsmaður í því sambandi mótmælt þeim rökum Ríkisskattaneftndar í úrskurði hennar (rskj. nr. 4), að gerðarþoli hafi áður fallizt á þann skilning, að honum hafi borið að greiða veltuútsvar, enda þótt hann kunnir að hafa greitt einhvern hluta þess. Það skipti heldur ekki máli að lögum, enda muni veltuútsvarið hafa verið greitt, að geymdum rétti til endurgreiðslu síðar. Beri samkvæmt því að sýkna gerðarþola af öllum kröfum gerðarbeiðanda í þessu máli.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindu sjónarmiði og kröfum umboðsmanns gerðarþola í málinu. Hefur hann haldið því fram sem höfuðsjónarmiði sínu og umbjóðanda síns, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, sé eigi mjólkurbú í þeirri merkingu, sem venjulegt sé að leggja í það orð, enda þótt honum sé að vísu eigi kunnugt um, að nokkurs staðar sé að finna lagalega skilgreiningu á því, hvað mjólkurbú sé. Hefur nefndur umboðsmaður þó í þessu sambandi bent á upphafsákvæði 28. gr. laga nr. 59/1960 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., en þar segir svo: „Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk og rjóma í þeim kaupstöðum og kaupþúnum, sem eru innan sama mjólkursólusvæðis“. Telur nefndur umboðsmaður gerðarbeiðanda, að ákvæði þetta bendi ótvírætt til þess, að löggjafinn geri greinarmun á mjólkursamsölu og mjólkurbúi. Hin eðlilega skýring á orðinu mjólkurbú sé sú, að það sé starfsemi, sem miði ekki aðeins að vinnslu mjólkur og rjóma, heldur einnig að framleiðslu á skyri, ostum og smjöri, en slíka starfsemi hafi gerðarþoli eigi með höndum, nema að hluta, þar eð hann

vinni að minnsta kosti hvorki smjör né osta. Samkvæmt þessu verði gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, eigi talinn mjólkurbú í þeirri merkingu, sem eðlilegt sé að leggja í það orð, og falli því eigi undir undantekningarákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga. M. ö. o. að gerðarþoli ætti að réttu lagi að greiða aðstöðugjald af allri starfsemi sinni, einnig þeim hluta hennar, sem Félagsmálaráðuneytið og Ríkisskattanevnd hefur úrskurðað undanþeginn aðstöðugjaldi (sbr. rskj. nr. 4). En jafnvel þó að eigi verði fallt á þetta sjónarmið og gerðarþoli verði talinn mjólkurbú í merkingu laga nr. 69/1962 og því undanþeginn aðstöðugjaldi, þá sé sá rekstur hans, sem um ræðir í máli þessu, þ. e. ísgerðin, tvímælalaust aðstöðugjaldsskyldur og úrskurður Ríkisskattanevndar að því leyti réttur. Frá því er Mjólkursamsalan hafi tekið til starfa, hafi í lögum verið ákveðnar undanþágur á skattgreiðslum fyrir-tækisins. Í lögum nr. 96/1936 hafi verið svo ákveðið, að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skyldu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, eins og segir í lögnum, svo og því að greiða aukaútsvar „eftir efnum og ástæðum“. Lög þessi hafi eigi verið afnumin og séu því í gildi, enda sé hvorki lagt útsvar né tekju- og eignarskattur á Mjólkursamsöluna sjálfa. Hins vegar hafi á árinu 1961 verið lagt veltuútsvar á ísgerð gerðarþola og hann fallt á þá álagningu með því að greiða veltuútsvarið. Umboðsmaður gerðarþola haldi því reyndar fram, að greitt hafi verið með fyrirvara, en sá fyrirvari komi hvergi fram, enda sé þessari staðhæfingu umboðsmanns gerðarþola mótmælt, og hvíli að sjálfsögðu sönnunarbyrðin um það atriði á gerðarþola. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að um undanþáguheimildina í lögum nr. 96/1936 hafi gengið hæstaréttardómur 28. október 1946 í málinu: Mjólkursamsalan í Reykjavík gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (dómasafn XVII, bls. 486), en dómur þessi staðfesti þá niðurstöðu fúgetaréttarins, að skattfrelsi Mjólkursamsölnnar hafi frá upphafi verið takmarkað við aðalstarfsemi hennar, sem sé sölu og dreifingu á mjólk, rjóma og skyri, eins og starfssvið hennar hafi upphaflega verið afmarkað með lögum nr. 1/1935, en heimilt hafi verið að skattleggja þá starfsemi Mjólkursamsölnnar, er félli utan við þetta starfssvið, eins og þá var um brauða- og sælgætissölu fyrirtækisins. Engin breyting hafi orðið á þessu, og því taki þessi regla nú eins til mjólkur- og rjómaísgerðar gerðarþola. Hefur umboðsmaður gerð-

arbeiðanda sérstaklega bent á þá röksemdafærslu dómarans í fógetaréttarmálinu, að Mjólkursamsalan hafi samkvæmt lögum beinlínis einokunaraðstöðu um sölu mjólkur, rjóma, skyrts o. fl., og öðrum aðiljum sé hreinlega bannað að selja þessar vörur. Enda þótt löggjafinn undanþiggi slíka starfsemi skattskyldu, þá sé af þeim ástæðum engum aðiljum öðrum mismunað með því. Öðru máli gegni, ef leggja ætti hina víðtækari merkingu í skattfrelsið, sem sé að undanþágan ætti að ná til hvers konar starfsemi, sem rekin sé í nafni Mjólkursamsölnnar, þá þýddi það stórkostlegt misrétti gagnvart þeim aðiljum öðrum, sem hefðu með höndum sams konar atvinnurekstur og yrðu að gjalda af honum skatta og skyldur. Til slíks misréttis hafi löggjafinn vitanlega eigi ætlazt, enda eigi hægt að færa nein skynsamleg rök fyrir slíkri niðurstöðu. Enda þótt framangreindur dómur hafi fjallað um brauða- og sælgætissölu, þá sé þetta sjónarmið jafngilt, að því er varðar ísgerð gerðarpöla, enda sé gerðarþoli þar eigi einn um hituna, það séu fleiri, sem framleiði og selji mjólkur- og rjómaís hér og séu vitanlega skattskyldir af þeirri starfsemi. Þegar litið sé á niðurstöðu framangreinds hæstaréttardóms svo og á þá staðreynd, að gerðarþoli hafi áður greitt veltuútsvar af umræddum rekstri, þá virðist rökrétt ályktun vera sú, að aðstöðugjald það, sem um ræðir í máli þessu, sé réttilega á gerðarpöla lagt, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 69/1962 og reglugerð nr. 81/1962. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið því fram, að ljóst sé af framlögðum reikningum, rskj. nr. 7 og 8, að ísgerðin sé rekin sem sjálfstætt fyrirtæki á vegum Mjólkursamsölnnar, og styðji það atriði út af fyrir sig þá niðurstöðu, sem Ríkisskattaneftindin byggja á úrskurð sinn. Þá sé og ljóst af þessum reikningum, að skattstofan hafi lagt umrætt aðstöðugjald á gerðarpöla nákvæmlega eftir hans eigin framtali, sem sé á vörukaup og annan rekstrarkostnað ísgerðarinnar, að frádregnu útsvari, sköttum og töpuðum skuldum. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt þeirri staðhæfingu umboðsmanns gerðarpöla í greinargerð hans, að gerðarþoli kaupi eigi mjólkina, sem notuð sé í ísgerðina, heldur taki hann við mjólkinni af framleiðendum sem eigendum mjólkurbúa þeirra, er að Mjólkursamsölnni standi og eigi hana. Þessi staðhæfing umboðsmannsins sé röng, svo sem gjaldaliðirnir „Vörukaup“ á rekstrarreikningnum, rskj. nr. 7 og 8, beri með sér.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda

haldið því fram, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan í Reykjavík, sé eigi mjólkurbú í þeirri merkingu, sem venjulegt sé að leggja í það orð, enda sé í lögum gerður greinarmunur á samsölu og mjólkurbúum, sbr. 28. gr. laga nr. 59/1960 um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Mjólkursamsalan hafi og eigi með höndum mjólkurvinnslu, nema að nokkru leyti, hún framleiði t. d. eigi smjör né osta. Hún falli því eigi undir undantekningarákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga og beri því að réttu lagi að greiða aðstöðugjald af allri starfsemi sinni. En jafnvel þó að eigi verði fallt á þetta sjónarmið og gerðarþoli verði talinn mjólkurbú í merkingu laga nr. 69/1962 og því undanþeginn aðstöðugjaldi, þá sé rekstur gerðarþola, sá er um ræðir í þessu máli, þ. e. ísgerðin, þess eðlis, að gerðarþoli sé tvímælaust aðstöðugjaldsskyldur hennar vegna og úrskurður Ríkisskattanefndarinnar að því leyti réttur.

Umboðsmaður gerðarþola hefur hins vegar haldið því fram, að gerðarþoli, Mjólkursamsalan, sé sameign nokkurra mjólkurbúa og að rekstur ísgerðarinnar sé meðal þeirrar starfsemi gerðarþola, sem eingöngu lúti að meðferð mjólkur og mjólkurafurða, þar með talin sala og dreifing þessara vara, og falli því rekstur ísgerðarinnar að sjálfsgöðu undir undantekningarákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962.

Það er viðurkennt í máli þessu, að gerðarþoli sé sameign nokkurra mjólkurbúa og að hann hafi með höndum sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurafurða og mjólkurvinnslu að nokkru leyti. Þá skipar gerðarþoli einn mann í framleiðsluráð landbúnaðarins, svo sem gera mjólkurbú utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (1. gr. laga nr. 59/1960), og enn fremur lýtur gerðarþoli verðskráningu og ýmsum öðrum ákvörðunum framleiðsluráðs og sex manna nefndar (sbr. og 5. gr. framangreindra laga), að því er varðar mjólk og venjulegar mjólkurafurðir. Er því eigi fjarri sanni að líta svo á, að lögjafinn telji gerðarþola sem mjólkurbú að þessu leyti, enda þótt það komi eigi fram beinum orðum. Samkvæmt þessu verður rétturinn að fallast á niðurstöðu Félagsmálaráðuneytisins, rskj. nr. 4, en þar segir: „Þar eð Mjólkursamsalan í Reykjavík er sameign nokkurra mjólkurbúa, virðist fara um gjaldskyldu vegna starfsemi hennar með sama hætti og sams konar starfsemi einstakra mjólkurbúa“. Hins vegar ber að athuga, hvort ísgerð gerðarþola hefur sérstöðu í þessu efni eða eigi.

Það er að vísu augljóst, að mjólkurís og rjómaís eru mjólkur-

vörur, en verða þó eigi að álitni réttarins taldar til almennra mjólkurvara, og því síður, að rekstur ísgerðarinnar verði talinn falla undir orðin „sams konar starfsemi einstakra mjólkurbúa“ í úrskurði Félagsmálaráðuneytisins, sem að framan getur, enda munu eigi venjuleg mjólkurbú framleiða þessar vörur. Ísgerðin virðist því hafa sérstöðu í rekstri gerðarþola. Ýmislegt bendir og til þess, að löggjafinn líti svo á, sbr. 28. gr., 1. mgr., laga nr. 59/1960, en þar segir: „Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þessum kaupstöðum eða kaupúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis . . .“ Hér er öðrum en samsölum eða mjólkurbúum beinum orðum bannað að selja mjólk og rjóma, en slíkt bann hefur löggjafinn eigi sett, að því er varðar framleiðslu og sölu mjólkur- og rjómaíss, enda er það vitað, að ýmsir aðiljar aðrir hafa haft hér og hafa enn með höndum framleiðslu og sölu þessara vara og eru að sjálfsögðu skattskyldir af þeim rekstri. Vísast hér að öðru leyti til rökfærslu umboðsmanns gerðarbeiðanda um þetta atriði hér að framan. Af þessu má að álitni réttarins draga þá ályktun, að löggjafinn líti eigi á mjólkur- og rjómaís sem venjulegar mjólkurvörur, enda munu vörur þessar einkum vera seldar sem sælgæti á stöðum, sem aðallega hafa slíkar vörur á boðstólum, þó að þær séu að vísu stundum framreiddar sem ábætir við málsverði. Hér við bætist, að hvorki framleiðsluráð landbúnaðarins né sex manna nefndin, en í hvoru tveggja eiga stéttarsamtök bænda sína fulltrúa, hafa talið sér skylt að ákveða verð á þessum vörum sem öðrum mjólkurvörum og landbúnaðarvörum yfirleitt (sbr. rskj. nr. 15). Má af þessu ráða það að álitni réttarins, að aðiljar þessir telji eigi framleiðslu ísgerðar gerðarþola venjulega mjólkurvinnslu og að hún falli því utan við verksvið þeirra. Að öllu þessu athuguðu, verður rétturinn að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að umrædd ísgerð hafi þá sérstöðu í rekstri gerðarþola, að rekstur hennar njóti eigi skattfrelsis samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962, og á þá túlkun Ríkisskattanefndar, að á hana beri að líta sem aðra starfsemi gerðarþola, eins og komizt er að orði í 5. mgr. úrskurðar Félagsmálaráðuneytisins, rskj. nr. 4, og að hún falli eigi undir framangreind undantekningarákvæði greindra laga. Verður því að líta svo á, að gerðarþoli hafi verið gjaldskyldur, að því er varðar umrætt aðstöðugjald, og að það hafi réttilega verið á gerðarþola lagt.

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. júní 1965.

Nr. 168/1964. Stálumbúðir h/f (Hafsteinn Sigurðsson hdl.)

gegn

Baldri Álfssyni og gagnsök

(Vilhjálmur Þórhallsson hdl.)

og

Umbúðaverksmiðjan h/f

(Áki Jakobsson hrl.).

gegn

Baldri Álfssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús
P. Torfason.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Áfrýjun.

Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi Stálumbúðir h/f hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum áfrýjanda Baldurs Álfssonar og málskostnaðar úr hendi hans í hér- aði og hér fyrir dómi.

Áfrýjandi Baldur Álfsson hefur áfrýjað málinu, að því er varðar bæði Stálumbúðir h/f og Umbúðaverksmiðjuna h/f, með stefnu 21. október 1964. Krefst hann þess, að